

5. nov 1993 00.1

400.1

## STARFSREGLUR SAMTAKA UM KVENNALISTA

### I. LANDSSAMTÖKIN

1. Framkvæmdaráð er skipað minnst fimm konum. Hver angi á rétt á að skipa fulltrúa í framkvæmdaráð. Auk þess skipar framkvæmdanefnd hvers anga eina konu í framkvæmdaráð sé þess nokkur kostur. Fari svo að angi geti ekki skipað fulltrúa í framkvæmdaráð skal reyna að tryggja að hann hafi sérstakan tengil við ráðið. Ekki sitja konur að jafnaði lengur í framkvæmdaráði en eitt ár í senn. Framkvæmdaráð kemur saman eigi sjaldnar en tvisvar í mánuði og oftár ef þörf krefur.
2. Fulltrúi anga í framkvæmdaráði er kosinn á félagsfundi. Jafnframt er kosinn einn fulltrúi til vara.
3. Fulltrúi úr hópi þingvenna situr framkvæmdaráðsfundi.
4. Starfskonur Kvinnalistsans sitja fundi ráðsins.
5. Hlutverk framkvæmdaráðs er m.a. að:
  - a) sjá um daglegan rekstur Kvinnalistsans,
  - b) styðja við starfsemi anganna,
  - c) aðstoða við skipulagningu stórfunda og ráðstefna,
  - d) hafa yfirumsjón með fjármálum Kvinnalistsans,
  - e) styðja við bakið á starfshópum,
  - f) sjá um að bréfum og fjölmiðlum sé svarað.
6. Framkvæmdaráð boðar til samráðs hvenær sem þurfa þykir, þó eigi sjaldnar en tvisvar á ári. Framkvæmdaráð undirbýr fundi samráðs.

### II. LANDSFUNDUR-SAMRÁÐ

7. Endanleg ákvörðun um málefni Kvinnalistsans er í höndum landsfundar.
8. Samráð tekur ákvörðun í mikilvægum málum, þar með taldar meiriháttar fjárhagsáskvarðanir, sem ekki geta beðið landsfundar.
9. Hver angi skipar tvo fulltrúa í samráð og tvo til vara. Jafnframt eru í samráði þingkonur og jafnmargar varapingkonur. Þessar konur hafa atkvæðisrétt ef til atkvæðagreiðslu kemur. Fundir samráðs eru öllum félögum opnir eins og aðrir fundir Kvinnalistsans.

10. Fulltrúar anga í samráði eru tilnefndir til eins árs í senn, svo og varamenn þeirra. Fulltrúar kynna í öngunum þau mál sem verða á dagskrá samráðs ef þess er kostur. Þeim ber skylda til að kynna niðurstöður að fundi loknum.

11. Fundir samráðs geta verið símafundir.

### III. ANGAR

12. Framkvæmdanefnd starfar innan hvers anga og er hún kosin á félagsfundi. Hún hefur umsjón með öllu starfi angans og annast fjármál hans

13. Félagsfundur hvers anga tilnefnir tvær konur í samráð og tvær til vara.

### IV. DAGLEGUR REKSTUR

14. Framkvæmdaráð Kvinnalistsans ræður eina eða fleiri konur til starfa. Þær framkvæma þær ákvarðanir framkvæmdaráðs og samráðs sem ekki er vísað annað.

15. Rekstur húsnæðis, laun starfskvenna og annar sameiginlegur kostnaður greiðist úr sameiginlegum sjóðum Kvinnalistsans.

### V. ÞANKABANKAR

16. Þankabankar eru vettvangur málefnavinnu og stefnumótunar samtakanna. Þeir starfa um ákveðin málefni í afmarkaðan tíma. Allar Kvinnalistaskonur geta átt frumkvæði að stofnun þankabanka. Framkvæmdaráði er tilkynnt um stofnun þankabanka og hvenær áætlað er að skila niðurstöðum.

17. Ábyrgðarkona stjórnar innra starfi hvers þankabanka.

18. Fjöldi hópa er ótakmarkaður en æskilegt er að ekki starfi færri en þrjú til fjórir hópar á hverjum tíma.

19. Þankabankar starfa í nánnum tengslum við þingkonur og fulltrúa Kvinnalistsans í sveitarstjórnnum, nefndum og ráðum, sem vísa málum til umfjöllunar og ráðgjafar inn í hópana.

20. Þankabankar eru ábyrgir gagnvart samráði. Þar kynna þeir niðurstöður sínar.

21. Vinnuhópar annast skipulagningu stórfunda eða ráðstefna á vegum Kvinnalistsans.

## VI. SVEITARSTJÓRNARÁÐ

22. Í sveitarstjórnaráði eiga sæti allar Kvennalistakonur í sveitarstjórnnum.
23. Sveitarstjórnaráð er vettvangur samráðs og upplýsinga um sveitarstjórnarmálefni.
24. Sveitarstjórnaráð tilnefnir tvo tengiliði við samráð sem sitja fundi þess.
25. Sveitarstjórnaráð kemur saman að minnsta kosti einu sinni á ári.

## VII. ÚTGÁFUMÁL

26. Starfskona Kvennalistans sér um útgáfu fréttabréfs. Henni til aðstoðar eru fréttaritarar í hverjum anga sem framkvæmdanefnd tilnefnir.
27. Kvennalistinn sér um útgáfu Veru og er ritnefnd skipuð í samræmi við samkomulag um Veru.

## VIII. ALMENN ÁKVÆÐI

28. Á öllum fundum Kvennalistans er ávallt reynt að komast að sameiginlegri niðurstöðu, án atkvæðagreiðslu, en ef ekki verður hjá henni komist ræður einfaldur meirihluti.
29. Til þess að breyta starfsreglum þarf meirihluta atkvæða á landsfundi.

Samþykkt á landsfundi 5. nóvember 1993.